



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinn fimmtudaginn 15.10.2015 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS), Þorsteinn Þorbergsson (PP), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

### Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

#### 1. 8 mánaða uppgjör

- Framkvæmdastjóri og gjaldkeri kynntu 8 mánaða uppgjör félagsins.
  - Staða félagsins í heild lítur ágætlega út en hins vegar eru nokkur mál sem þarf að vinna sérstaklega með.
    - Gjaldkera og fjármálastjóra var falið að fara ofan í fjármál mfl kvk í knattspyrnu.
    - Áhersla var lögð á að handknattleiksdeild kynni aðgerðaplan deildarinnar til að bæta fjárhagsstöðuna sem allra fyrst.

#### 2. Erindi frá fimleikadeild

- Lagt var fyrir erindi frá fimleikadeild um að bæta við meistaraflokksliði í hópfimleikum (Mix liði) og að slíkt lið verði viðurkennt af afrekssjóði.
  - Gjaldkera og fjármálastjóra var falið að eiga fund með deildinni um málið.

#### 3. Erindi frá hlaupahóp Stjörnunnar

- Lagt var fyrir erindi frá hlaupahóp Stjörnunnar þar sem óskað var eftir því að aðalstjórn sendi bréf til ÍTG þar sem óskað er eftir styrk til hópsins til að geta stundað hlaupaæfingar innandyra í frjálsíþróttahöllinni hjá FH.
  - Erindið var samþykkt og var framkvæmdastjóra falið að senda bréfið til ÍTG.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00. Ritað J.Egils